# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1911-1925, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Í Helheimi – Arne Garborg – Bjarni Jónsson frá Vogi

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-14, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

ÍSLAND
FRIMERKI
5 AUR

Hr.

alþingism. Bened. Sveinsson.

Rvk.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Arne Garborg.

# Í Helheimi

~~(H[illegible] II)~~

þitt hefir

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

Reikjavík
Bókaverslun ~~Guðm. Gamalíelssonar~~
Sigurðar Kristjánssonar

~~190~~ …
1913

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gutenberg.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá heirir margþættan
andvarps óm.
Kirkjan í sama ~~svip er~~
svip er tóm.

Skuggar hverfa
sem skjótast má;
víða skríða útum
vegg og skrá.

Telpan sér brátt,
þar sem bendir völva,
um landið svífa
svipina fölva.

Út um landið
líða og sveima

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeir dansa og skunda
hver til síns heima.

Einn eða tvö
með ótta í lund
til altaris hverfa
á prestsins fund.

Í Knjáliðum visin
þeir beygja bein
og biðja að læknist
sín hugarmein.

Eins þeirra er Kvörtun
óttafull:
að stolið hafi hann
grafið gull.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svo seiði það nú
hans sálarþrótt,
að hann verði að telja það
hverja nótt.

Annars mein er
svo illi verki,
að eitt sinn vilti hann
um landamerki.

Hann þráir heim,
vill á þessu bót;
en þrotlaus villa
hans mæðir fót.

„Hjálpa mér annaðhvort
upp eða niður.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með dómi fæst réttur,
með rétti friður".

Hinn þriðji bana
af bróður fekk,
og áðar af hatri
svo aftur gekk.

„Hann hratt mér út
í hafið blá
og reri síðan
í svipan frá.
~~H.~~
Hann lét mig deiga
og líknaði ei;
svo fór hann og tók
mína festarmei.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í hefndar gerð
úr gröf ég fer;
en langtum ver
þeim líður en mér.

Ég vil ekki framar
í hefndir hyggja;
harmar á þeim
sárari liggja.

Hjálpi þeim guð,
ef hjálp er til.
En héðan burtu
ég komast vil."

Klerkur við altaris
kirkjunnar fót,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við meinum þeirra
hann biður um bót.

Léttir síðan
í einn af einum
afturgöngu og
jarðfjöturs meinum.

Biður og særir
og böndin sker;
svipurinn einn
af öðrum fer.

—

X

Völvan breytir nú
brandi hátt,
þá bilar við jörð
úr grafar átt.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Og rúnasveiflu
hún setur á;
telpunni finst alt
á flugi þá.

Hún óvits kemur
en aftur vaknar
og átthaganna
sáran saknar.

Hún er ekki þar,
hún er ekki hér;
hún aldrei veit,
hvar hún er og fer.

Það er ekki land,
það er ekki sær,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en norður líða
og niður þar.

Þar getur af lofti
engan eim;
þar líða og síga
í Heljar heim.

Brimsog í djúpinu
heyrast hörð,
svo er sem fossar
falli í jörð.
„Sogast blóðlækir,"
systirin mælir,
„en blóðflaumur
fossa stælir;
að undirdjúpanna
ískalda gjánni

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

allir þeir falla
í Hvergelmis brunni,
í djúpin heim
djúpt undir gröf
Nástrandar falla þeir
niður í höf;
blóðfljótið niður
í Niflheim streymir,
þar Niðhögg í svefni
dreimir."

Náljós fer um þau
Ginnunga-göp,
glefsandi drekar
og stjörnuhróp.
Hvískur þar trúi eg
og hvæsing lát

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og kvíði þungur
með þöglum gráti;
og úr og snjór
yfir ótal kvölum
sem kinið geymir
und kistufjölum,
ólæknuð sút
og sorgin hörð,
sem gekk með þeim dauða
und grafar svörð,
og hugstríðið harða,
sem komið varð ofan
í kirkjugarða.
Sem brimsog þung
um nesið nakið,
sem næturgusturinn
kviði þakið,
sem stranna(?) sog

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gegnum vind og vatn,
eins suða og þjóta
þau sorgarlæti.

Til og frá skuggar
skjótast þá
glápa hræddir
og horfa á.

Reiðir hugir,
sem Helveg ríða,
hvæsa og ýlfra,
er fram þær líða.

Drangur einn fýkur þar
fer í veg,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með raups og ólæti
önnurleg.

„Símon Pranzari,"
svo á ég nöfn;
vísið mér leið
í himins höfn.

Í atvinnurekstri
sem aðrir stal ég;
og ástríður holdsins
sjaldan fal ég.

En mörgum gott
ég gerði með rausn,
og keifti sál minni
vindalausn.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjafir veitti ég
gott að styrkja;
gjafir hlaut bæði
trúboð og kirkja.

Aumingjunum gaf ég
eitt sinn mat
á ári hverju
sem mest ég gat.

Stórfé í sálar-
sælu vonum
fölnum veitti ég
vinnukonum.

Af öllu gaf ég,
sem átti' ég með röngu,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo blöðin hlóðu á mig
lofi löngu".

Völvan.
Farðleið þína,
launin hlautstu.

Rímur í drangi
röddin stirð:
„Eru þá góðverk
einskis virði."

Völvan:
Verk þín öll
eru virð sem hefir;
sjálfur veitstu
hvað varstu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Auðmjúkt nöldrar
hinn argi sveinn,
sveif í burtu
og sökk sem steinn.

Teygir sig þá fram
skorpið skinn:
„Seg þú mér, Völva,
vejinn minn.

Togast ég niður
að djúpsins díki;
en á þó heima
í himnaríki.

Orðið kendi ég
aldrei hreint;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nú vil ég halda
til himins beint."

Völva.
Far þú þangað,
sem þú ert draginn,
þar þú himin
hefir.

Tvo sinveigta djöfla
sér þú fölva:
„Hvenær fáum við
friðinn, Völva?"

Völva.
Snúist hið vonda
og ólgi eld gjöra,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

helbundnir
heim munu rata.

Djöflarnir fnæsa
og fliksast brott:
„Af fjandanum
geir viskan spott."

Telpan skelfur
og titrar sem blað:
„Hjálpa mér, systir."
—Systirin kvað:

„Óttastu síst,
þér ei þeir ná,
það afl þeir hafa,
er sjái lítið þér hjá."

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunandi kemur
með gný og glam
höfðingjafilgd
úr hernaði fram.

Þétt sig á völvunnar
vegi hópar;
konungur bleikur
í bræði hrópar:

„Þú völva, sem kant
á sköpunum skil,
skír oss frá vegi
himins til.

Óvina sæg
vér hjuggum hjörvi

Einkaskjálasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og velli heldum,
þótt farið sé fjörvi;
hermans laun
skulu himinfriður,
en þessi vegur
er narður og niður."

Völvan.

Herdrekann skaltu
heim af sækja
niðri í
Niflheimi.

Svo flakkar og velkist
vofuher,
en vegarstefnan
þeim myrkuð er.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Telpan undrast
en hugur hrærist,
hógvær spurning
á vörum færist.

**Telpan.**

Systir, hvað er það, sem ofan togar
þann aumingja vofusveim,
þótt allir vildu þeir alshugar fegnir
í annan betri heim?

**Systirin.**

Syndin þyngir og samviskan dregur
sálir á niðurvegi, —
samviska, fríður sem ei var,
og synd, er þeir bættu eigi.

En ver þó dregur sá vondi hugur,
sem veittu þeir grótrarskjól.
Hann vildi Helgi og [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar völd og tignarstól.

Ver þá þingir sá vondi hugur,
sem vagsu þeir létu í ró;
hann ögs að stirk og úr andarslitrum
þá ofan í mirkheim dró.

— II —

Í nánd við Gjallar
geigvænt flóð
hreinsunar-eldsins
hvæsir glóð.

Loginn og svalan
leika við ský,
illa þefjandi
en ávalt ný.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Telpan starir
í eldinn inn,
fölnar hrolli,
en fölnar kinn.

Hrollur líður
um litamót.
Menn brenna þar upp
til agna og snót.

Í eldinn falla menn
eins og regn,
en fáum einum
er fært í gegn.

Að loganum margan
brattan bar,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann gneistaflug eitt
á eftir var.

Mörg stássleg þangað
dansar drós,
en logans hverfur
sem eimur í ós.

Stórmenni þangað
geisist með gní,
en hverfur í logann
sem hárkollu strí.

Skrautfrú í silki
með skrumið drjúga
verður í eldinum
örkumlúnga.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herðibreið gengur fram
hetja keik,
verður að írandi
votum reik.

Gullböndum vafinn
ber amtmann að,
roðnar og brennur
sem rósblað.

Uppskafningar
í bálinu breitast,
úr blossanum eins og
flugeldar þeitast.

Hermann ber að
þar sem einurðin fellur,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sem púðurkerlingar
hverfur hann hvellur.

Stórorður raupari
stikar þar að,
logar sem hálmur
og laufblað.

Flaksast að hálært
skrukkuskinn;
skrælnar og vefst saman
snepillinn.

Fölleitur skáldi
að funa gengur,
fór eins og bristi
fiskastrengur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gengur fram átvaglið,
gorvömb þétt,
breiðist í freistandi
fitublett.

Í öskuna legst þar
letinginn;
sviðnar sem fúinn
fauskurinn.

Endalaus leggur
hér lestin að;
ótal í hinstan
áfangastað.

Ókjör brenna
af konum og körlum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem moð það, er hent er
úr hesthússtöllum.

Þeir reigðust í lifandi
lífi drjúgum,
á logann sem nú er
mokað í hrúgum.

Telpan óttast og
undrast þá;
völvan bendir
og biður: sjá!

Þá hyggur hún að
þeirra hugarleinum,
en hér sér hún fullt
af tómleik einum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Higgur að lífs þeirra
hug og minni:
galtómt reinist þá
alt þar inni.

Eina hafa þeir
höfuðbirð:
auladóm, hégóma
og einskisvirð.

Það hafa þeir
sálar auðinn eitt:
auladóm, hégóma
og ekki neitt.

## Telpan.

Ó, heirðu mig, sæla sistir,
og segðu mér vísdóm þinn.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hvað sindguðu þessir, er því verða að hlíta,
að þetta sé endirinn?

Sistirin

Ó, sistir mín litla, sjáðu,
þér segja eg af létta vil:
Ónitisruslið til ösku brennur,
sem aldrigi neins var til.

Og lærðu nú, litla sistir,
þau lærdómsorðin hörð:
að eldinum heldur við hroði nógur
af haganum uppi í jörð.

Arfi og greinar með kalikvistum
af kulnuðu fræi öldum
og volkaðir hugir með vili í sál
og viljum hálfum og köldum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Og hugir, er brendu sjálfa sig
og sindar bera rann;
alt lélegt, tómt og laust, sem ekki
má logans þola raun.

Og það sem óx í ári og friði,
en ávöxt þó ei bar;
og það sem í alvalds aldingarði
til engra þarfa var.

Og hugir í holdsins fjötrum,
sem hugðu ei á lífsins þörf,
er fleygðu sofandi sál á glæ,
en sintu ei um dagsins störf.

Hjá þeim kviknaði aldrei eldur
andvígs né sóknarorðs,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeir undu hag sínum, hugsuðu ei víðar
en frá hægindum til borðs.

Þeir hófu sig aldrei til hæða
á hugljúfum draumavæng;
þeir undu hag sínum, hugsuðu ei víðar
en frá hægindum í sæng.

Hér vinsast úr og til ösku brenna
þeir allir, er lífsins dag
síngjarnir eru og aðeins hugsa
um eigin nautn og hag.

Telpan.

Mikill fer hroði úr haganum þá,
sem haustlaufin þéttast falla;
mikið er illgresið ofanjarðar,
slík [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En hvernar og þessi fríðu
og fagurlitaðu kvendi?
Hví fær hér þessi fríðleikur allur
svo feiknasorglegan endi?

Sistirinn

Fátt kemst af fjöldanum hingað,
sem fór með hégómamas
og eiddi lífsins ítrundegi
í eintómt skraf og þras.

Þær vasast í mjög svo mörgu
og mega ekki af neinu sjá,
en vilji þær skorta vel sinn huga,
þeim vinst ei tími þá.

Og líf þeirra er hégómi og léttúð,
svo líða dagarnir skjótt;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þær skreita sig, trúlofast, daðra og dufla
og dansa fram á nótt.

Og lífi sínu þær öllu eiða
í ís og mas og þis;
með kroppnum slokknar svo andinn út
sem í ofviðri lítið blis.

Telpan.

En það, sem nú þolir eldinn,
er þurkað er ruslið út?

Systirin.

Það, sem hreinsunar þolir eldinn,
er þrautreint í langri sút.

---

Í gljúfri hévir
Gjallar nið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem galdur kveð.
og grátur við.

Hregult löðrið
þar hamar strýkur.
Brennisteins gufa
úr gljúfri rýkur.

Yfir er Gjallar
brúin breið,
meini blandin
myrkheims leið.

En utan um Helheim
ormurinn liggur,
en skaraður köldu
hræðri hniggur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skoltana ber
ifir brúar skarir;
blóðhlaupnum vaða
augum hann starir.

Hvoftana belgir,
í búknum sogar,
brennandi gjósa
úr koki logar.

Ormurinn.

Far þú, Völva,
af vegum okkrum.
Heldur Hel
því, er hefir.

Völvan nú þjóssins
brandi brá;
ormurinn hvæsir
af hræðlu þá.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ormurinn frásandi
eitri spýr;
spjóan myrkheima
gáttir gnýr.

Spjóan sterkari en
stormurinn;
þrútnar hinn
illi ormurinn.

Frásandi eitri
alt hann skók;
völvan brandinum
veifa tók.

Einn sinni
og öðru þó;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ormurinn hnýgur
þá aftur í ró.

Titrandi mælir
telpan þá:
„Ó, systir, hér vil ég
hverfa frá!“

Systirin hana
huggar þá:
„Eldur ei granda
né eitur má.“

Á Gjallarbrúna
nú ganga þær;
móðan í djúpi
mirkri hlær.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um brúna margt
dauðra fylki fer,
sem veit, hvar þess leið
og vegur er.

Tónlátur vafrar
þar vofuher,
sem veit, hvar leiðin
til Heljar er.

Augnatóttum þeir
auðum stara:
„Hver þorir lifandi
hingað að fara?"

Völvan

Frið skal hafa,
sá er með friði kemur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sér skal hver
vegu velja.

Þar fer létt
í fornum spöngum,
þá hriktir í bitum
og brúarstöngum.

Alt titrar, er stígur
telpan á;
að sistur hlið
sér hún hallar þá.

Sem útburðar væl
undir vatnabakka
þá heirist ílfrið
í Heljar rakka.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í gegnum merg það
og legg sig læsir.
Hundurinn urrar
og eldi fnæsir.

Blóðstokknar glóðir
glirnur í;
Garmur þrútnar
og ber við ský.

Hriktir á brúnni
í hring og stöng,
vegs þá Gjöll
með voðasöng.

Í þokunni blikar
brandurinn þá;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Völvan Helju
nú yrðir á.

<u>Völvan</u>

Heyri þú, Hel,
sem hér ræður,
still þú hundinn,
hægðu straumnum.
Járnslegnar grindur
gestum opna.
Greiður skal vegur
viskubörnum.

Þagnar alt;
áin þver;
um Helheim allan
orðið fer:

Frið skal hafa
sá er með frið kemur;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~gro~~ greitur skal vegur
viskubörnum.

Hávagein stendur
Helju við
undir djúpanna
agihlið.

Blásvört stendur þar
Helju hjá;
lykillinn ískrar
í lásnum þá.

Hriktir í lási,
hriktir í viðum.
Opinn er sleginn
öllum hliðum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

—— ,, ——

# Mirkheimur

Austrin endalaus
út sig breiðir
norður og niður
langar leiðir.

Hér er myrkrið
og dimman dapra,
fjötra og hreinsunar
heimkynnið napra.

Og allar sagnir
þau bað oss bera,
að hér sé dapurt
og daufit að vera.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Og ótvírætt segir
saga það er,
að enginn hingað
fúslega fer.

×

Völvan bendir
en brúður sér,
hvar kvalastaðurinn
illi er.

Brunnið alt
og autt,
alt var tómt
og dautt;
naktir móar
og fen og flóar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og heiðarteigir
sem anzað eigir;
hvolfið grá
og björgin blá
við háan gnúps
og gínandi djúps;
í djúpinu
eilífandir
eiga þar leik
hinir dauðir.

Alt er hér lugt
í eilíft bann,
ekkert líf
þar hrærast kann.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dauðans andi
þar yfir fer,
lífsvon engi
né líf þar er.

Ekki nokkur
hlutur sig hreifir
í himninum
nema skuggar dreifir.
Tómleiki dauðans
einn þar er,
unir í köldum
draumi sér.

Miklir eru móar
og niðdimmdalur,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar röðull ei skín
né regnið svalar;
þar geisar eimi
og aldurnari
und skelfilegu
skíafari;
móði stór
sem brennisteinsband
breiðist ifir
hið sviðna land;
himinn lafir
að hrundri sótt,
blátig liggur
í lófti nótt;
blóðugt skín
fer um skíavegi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar líta menn aldrei
lísa af degi;
sem draugaglimmur
dauðar, rauðar
skín þetta hvarflur
um heiðar auðar.

Þar brakar
og brestur,
þar gnýr
og gnestur,
og hraðhjól
fer um Hrímtindastól;
drinur og dunar
í dimmum fjöllum
og bilur og buldrar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í brennisteinsvöllum,
urrar og nurrar
og illa lætur,
ýlfrar með tanna
gnístran og grætur.

Ódauns kennir (
og óþefs mesta;
þar er alt ilt
og alt hið versta.
Heljar rakki
í hinni rennur;
stingur broddur
en bíta tennur;
nagar ormur,
nöðrur hvæsa,
ilska er í glirnum,
og eitri fnæsa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Höggormar vefjast
í hringi víða,
pöddur og krabbar
klóra og skríða;
eldkleggi suðandi
er á sveimi;
blakka hrafnar
í Helvítis eimi.

Þar reika og ráfa
um rammamó
hræddir hugir,
sem hafa ei ró.
Þar ráfa og reika
við Heljar hlið
hugir hræddir,
sem hafa ei frið.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stundarró aldrei
fær sá fans;
eilífur er þessi
dranga dans.

Telpan skelfur
og titrar öll,
hikandi gengur hún
heljar völl.

Hikandi stó hún
á heitan sand,
sem ennirju vafið
hún vatt um land.

Af ótta ræður hún
ekki sér.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Systirin hennar
þá athvarf er.

Telpan:

Hvar elst þessi heiti eimur
og eimyrju sandaflóð?

Systirin

Helheiminn allan úlfúð fyllir
með eilífri, sviðandi glóð.

Telpan

Hví roðna bólstrar sem bálheitt járn
með blóðskin um dimmar heiðar.

Systirin

Því valda svik og sárbeitt orð,
særing og rangir eiðar.

Telpan:

Hver er þú hinn uggvæni hrafninn,
sem alsvarta vænginn glennir?

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Og þekkirðu eldkleggjann illan og galinn,
sem urrar og stingur og brennir?

Systirin

Hrafninn er sú hin illa minning,
sem ískrandi slítur hug.
En eldkleggjinn, hann er ortur sárum,
sem eiddu líf og dug.

Illyrði hvert, sem illa stakk,
svo angraðist hugurinn,
hér er það eldgul eiturfluga
og ásækir höfundinn.

Telpan

En öll þessi skrítandi illkvikindi,
sem elta hér sálir og kvelja?

Systirin

Illir hugir og hugrenningar
sér hér þetta ~~[illegible]~~ velja.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Öfundarhungrinum harði,
sem hvergi nein bót var unnin,
fyr en um seinan, er seig yfir nótt
og sól var í hafið runnin.

<u>Telpan</u>

Sár eru syndagjöldin
þeim sálum, er kveljast hér. –
Helvítiskvölin hvíldarlaus
og hræðslan þrotlaus er.

<u>Systirin</u>

Dauðum er þungt und dimmri mold
að dansa yfir brunnar glæður,
og ílt er að vaða Helsand heitan,
er hrasandi fótum blæðir.

Sárt er að vaða sand þann heitan
og standa í [illegible] eld,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en dagrin löngu verða þó verri,
sem vantar morgunn og kvöld.

Ilt er að stíga Helgarheiði
á hölgrýtis beittum oddum;
verra er að troða á eitur-ormum
með illrar samvisku broddum.

Þungt er að verða að anda eimi
elds fyrir brjóst og lungu;
þyngst er að vera vafinn og bundinn
vonleysis fjötrunum þungu.

Telpan

Systir mín blíðasta, bið þú Jésú
og bið þú til heilagrar meyar; –
fyrir lifandi bæn mundi Guð fúsar gert
en láta syndarann deyja.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur